

Ávarp rektors á rannsóknarinnviðadegi HÍ 15. apríl 2024

Kæra samstarfsfólk.

Velkomin á þennan Rannsóknarinnviðadag Háskóla Íslands sem tileinkaður er rannsóknagögnum.

Í því öflugra rannsóknastarfi sem stundað er við deildir, rannsóknastofnanir og rannsóknasetur Háskóla Íslands verður til gríðarlegt magn rannsóknagagna. Í þessum gögnum eru fólgin mikil verðmæti og mikilvægur þáttur í eflingu rannsóknainnviða skólans er að uppbygging og umsýsla gagnagrunna verði með því móti að gögn sem hér er safnað verði aðgengileg sem flestum, með þeim takmörkunum sem kunna að eiga við í einstaka tilfellum, t.d í tengslum við viðkvæmar upplýsingar.

Eitt af markmiðum stefnu Háskóla Íslands, HÍ26, er að “stuðningur við rannsakendur verði eflur með bættu aðgengi að styrkjum og rannsóknarinnviðum, sem og opnum og betri aðgangi að rannsóknagögnum og niðurstöðum”

Þetta helst í hendur við auknar kröfur styrkveitenda og vísindatimarita um opið aðgengi að rannsóknagögnum og endurspeglast í tilskipun Evrópusambandsins um opin gögn og endurnotkun upplýsinga frá hinu opinbera og nýlegu frumvarpi háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra um breytingu á lögum frá 2018 um endurnýtingu opinberra upplýsinga.

Háskóli Íslands hefur um nokkurt skeið unnið markvisst að eflingu rafrænna innviða og stoðþjónustu til að þessi markmið náist í því skyni að tryggja að vísindafólk geti staðið við kröfur styrkveitenda og vísindatimarita um meðferð gagna og opið aðgengi að þeim. Háskóli Íslands er til dæmis þátttakandi í þremur styrktum rannsóknarinnviðum á Vegvísi Innviðasjóðs Vísinda- og nýsköpunarráðs sem styðja beinlínis við áður nefndar áherslur:

Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista sem er vettvangur fyrir uppbyggingu, vistun og aðgengi að stafrænum gagnaböndum í hugvísindum og listum, **IREI** sem er alhliða rafrænn rannsóknarinnviðakjarni fyrir upplýsingatækni og býður upp á gagnþjónustu svo sem varðveislu og miðlun gagna auk ráðgjafar og reiknigetu og loks **EPOS**, sem er safn gagnþjónusta sem veita opið aðgengi að mikilvægum jarðvísindagögnum frá Íslandi og eru hluti af miðlægri sam- evrópskri gagnþjónustu EPOS

Fleiri gagnagrunnar og gagnþjónustur eru reknar á fræðasviðum háskólans og skal hér nefnd sérstaklega gagnþjónusta félagsvísinda, **Gagnís**, sem tekur við rannsóknagögnum, hýsir þau í opnum aðgangi og tryggir vísindasamfélaginu og almenningi aðgengi að þeim til framtíðar án endurgjalds.

Samfélagslegur ávinningur þess að veita opinn aðgang að rannsóknagögnum hefur verið reiknaður út og hafa til dæmis dönsk menntamálayfirvöld áætlað að á móti hverri krónu sem lögð er í slíka uppbyggingu megi vænta þess að 1,4 krónur skili sér aftur í hagkerfið eða sem nemur 50 milljón dönskum krónum á ári.

Á hinn bóginn má ekki líta fram hjá því að fyrir einstaka stofnanir getur talsverður kostnaður falist í þróun og rekstri innviða sem nauðsynlegir eru til að opna og gera rannsóknagögn aðgengileg á stafrænu formi. Mikilvægt er að stjórnvöld styðji við þá vinnu.

Nýlega var gerð könnun meðal akademísks starfsfólks HÍ um notkun þeirra á rannsóknarinnviðum erlendis. Þegar spurt var hvað vantaði helst upp á í rannsóknarinnviðauppbyggingu á Íslandi nefndi rúmur þriðjungur svarenda uppbyggingu gagnagrunna og aðgengi að þeim.

Það er því brýnt að við sköpum vísindafólki okkar skilyrði til að byggja upp gagnagrunna á skilvirkan hátt og jafnframt sjá til þess að gagnagrunnarnir séu aðgengilegir öðrum rannsakendum og samfélaginu öllu. Þetta krefst ekki bara þjálfunar og þjónustu við gerð gagnaáætlana, eða tækni til að vista og veita aðgengi að gögnum heldur líka kynningar á þeirri þjónustu og þeim möguleikum sem standa til boða. Til að það sé gerlegt er mikilvægt að öðlast yfirsýn yfir alla þá gagnagrunna sem eru reknir við Háskóla Íslands og gera aðgengilegar á einum stað upplýsingar yfir þá sem og aðra rannsóknarinnviði.

Dagskráin hér í dag er fjölbreytt. Fyrst koma sjónarmið stjórnvalda frá fulltrúum HVIN og Innviðasjóðs, þeim Guðbjörgu Andreu Jónsdóttur og Sigríði Ólafsdóttur; Guðmundur Kjærnested kynnir þær gagnalausnir sem standa til boða hjá IREI; Kjartan Ólafsson og Eiríkur Smári Sigurðarson segja frá uppbyggingarstarfi í kringum Gagnís og Miðstöð stafrænna hugvísinda og lista og að lokum mun María Helga Guðmundsdóttir kynna Borkjarnasafn Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Breiðdalsvík.

Með þessum orðum set ég fundinn og óska þess að hann verði ykkur gagnlegur